

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 89/2018

frá 27. apríl 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2057 frá 10. nóvember 2017 um að samþykkja ekki *Achillea millefolium* L. sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (¹).
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2065 frá 13. nóvember 2017 um staðfestingu skilyrða fyrir samþykki fyrir virka efninu 8-hýdroxýkínólíni, eins og sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, og breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/408 að því er varðar færslu virka efnisins 8-hýdroxýkínólíns á skrána yfir efni sem ráðgert er að skipta út (²).
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2066 frá 13. nóvember 2017 um samþykki fyrir sinnepsfræsdufti sem grunnefni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011(³).
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2067 frá 13. nóvember 2017 um að samþykkja ekki paprikukjarna (kapsantín, kapsórúbín E 160 c) sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (⁴).
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2068 frá 13. nóvember 2017 um að samþykkja ekki kalíumsorbat sem grunnefni í samræmi við reglugerð

(¹) Stjtið. ESB L 294, 11.11.2017, bls. 27.

(²) Stjtið. ESB L 295, 14.11.2017, bls. 40.

(³) Stjtið. ESB L 295, 14.11.2017, bls. 43.

(⁴) Stjtið. ESB L 295, 14.11.2017, bls. 47.

Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (5).

- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2069 frá 13. nóvember 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin flóníkamíð (IKI-220), metalaxýl, penoxsúlam og prókínasíð (6).
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2090 frá 14. nóvember 2017 um samþykki fyrir bjór sem grunnefni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (7).
- 8) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„– **32017 R 2066:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2066 frá 13. nóvember 2017 (Stjtið. ESB L 295, 14.11.2017, bls. 43),

– **32017 R 2069:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2069 frá 13. nóvember 2017 (Stjtið. ESB L 295, 14.11.2017, bls. 51),

– **32017 R 2090:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2090 frá 14. nóvember 2017 (Stjtið. ESB L 297, 15.11.2017, bls. 22).“

2. Eftirfarandi er bætt við lið 13zzzzt (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/408):

„, eins og henni var breytt með:

(5) Stjtið. ESB L 295, 14.11.2017, bls. 49.

(6) Stjtið. ESB L 295, 14.11.2017, bls. 51.

(7) Stjtið. ESB L 297, 15.11.2017, bls. 22.

- **32017 R 2065:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2065 frá 13. nóvember 2017 (Stjtið. ESB L 295, 14.11.2017, bls. 40).“

3. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzd (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1531):

„13zzzzzzzze. **32017 R 2057:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2057 frá 10. nóvember 2017 um að samþykkja ekki *Achillea millefolium* L. sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 294, 11.11.2017, bls. 27).

13zzzzzzzzf. **32017 R 2065:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2065 frá 13. nóvember 2017 um staðfestingu skilyrða fyrir samþykki fyrir virka efninu 8-hýdroxýkínólíni, eins og sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, og breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/408 að því er varðar færslu virka efnisins 8-hýdroxýkínólíns á skrána yfir efni sem ráðgert er að skipta út (Stjtið. ESB L 295, 14.11.2017, bls. 40).

13zzzzzzzzg. **32017 R 2066:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2066 frá 13. nóvember 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu 2,4-DB, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ((Stjtið. ESB L 295, 14.11.2017, bls. 43).

13zzzzzzzzh. **32017 R 2067:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2067 frá 13. nóvember 2017 um að samþykkja ekki paprikukjarna (kapsantín, kapsórúbín E 160 c) sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 295, 14.11.2017, bls. 47).

13zzzzzzzzi. **32017 R 2068:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2068 frá 13. nóvember 2017 um að samþykkja ekki kalíumsorbat sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 295, 14.11.2017, bls. 49).

13zzzzzzzzj. **32017 R 2090:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2090 frá 14. nóvember 2017 um samþykki fyrir bjór sem grunnefni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 297, 15.11.2017, bls. 22).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2057, (ESB) 2017/2065, (ESB) 2017/2066, (ESB) 2017/2067, (ESB) 2017/2068, (ESB) 2017/2069 og (ESB) 2017/2090, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. apríl 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.